



38. fundur stjórnar LH 2024-2026
27. maí 2025 kl. 19:30
Fjarfundur

Mætt úr aðalstjórn: Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Sóley Margeirsdóttir, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Ólafur Þórisson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

Mætt úr varastjórn: Ragnhildur Gísladóttir, Sigurbjörn Eiríksson, Hilmar Guðmannsson, Reynir Atli Jónsson.

Fjarverandi: Jón Þorberg Steindórsson.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

1. Samþykkt fundargerðar 37. fundar
2. Verkefni síðustu vikna frá framkvæmdastjóra og formanni
 - a. Aðalfundur Skógarhóla ehf. var haldinn sl. fimmtudag.
 - b. Aðalfundur LM ehf. verður haldinn nk. föstudag.
3. Ársreikningur LH 2025 - drög

Ársreikningur LH 2025 lagður fram og fram fór umræða um þá.

Afgreiðsla: Reikningar samþykktir.
4. Samstarfssamningur við Horseday um nýtt mótakerfi

Farið yfir drög að samstarfssamningi við HorseDay um Mótakerfi í hestamennsku, „HorseDay mót“.

Markmið samningsins er að tryggja bætta þjónustu við mótahald í hestaíþróttum. HorseDay mót verður keyrt samhliða Sportfeng á keppnistímabilinu 2026 og er kerfinu ætlað að leysa af hólmi Sportfeng frá og með janúar 2027. Samningurinn gildir til 1. janúar 2027 og framlengist um 5 ár að fenginni staðfestingu á því að virkni kerfisins sé fullnægjandi og í samræmi við markmið verkefnisins.

Afgreiðsla: Samþykkt að undirrita samstarfssamning við HorseDay um þróun kerfisins HorseDay Mót.

5. Landsþing 2026

Hestamannafélagið Léttir hefur beðist undan því að halda landsþing á þessu ári þar sem félagið verður 100 ára eftir 2 ár og býðst Léttisfólk til halda glæsilegt landsþing á Akureyri á afmælisárinu 2028. Verið að skoða hvort Hestamannafélagið Ljúfur geti tekið að sér verkefnið og verið er að leita tilboða.

Afgreiðsla: Samþykkt að verða við beiðni Léttis, og fela Ljúfi að halda Landsþing ef ásættanleg tilboð fást.

ÓG vikur af fundi.

6. Önnur mál

- a. Formaður mannvirkjanefndar fór á Hóla til að fylgjast með framkvæmdum á Landsmótssvæðinu. Allt stefnir í gott Landsmót. Ný ferjuleið er inn á



keppnisvöllinn þannig að keppendur mætast ekki á leið inn og út, undirlagið er gott. Verið er að skoða að efla rafmagnstengingar á svæðinu. Ýmis gisting er enn í boði í Skagafirði, en mikið hefur selst af rafmagnsstæðum á tjaldsvæði.

b. Breyting á stjórn LM ehf.

Ólafur Þórisson nýskipaður formaður Félags hrossabænda víkur sem fulltrúi LH í varastjórn LM ehf., í stað hans er lagt til að Unnur Rún Sigurpálsdóttir verði skipuð í varastjórn LM ehf.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:33